


## BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2018



## KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2018

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2018. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsýjaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og verðum með tvo tíma í kvikmyndafræðum fyrir miðstig og efsta stig grunnskóla þar sem við könnum kvikmyndasöguna, fjöllum um hvað er kvikmynd og hvernig við lesum hana með ótal vísunum í kvikmyndasöguna.

Í haust bjóðum við upp eina af skemmtilegustu myndum Wes Anderson, *Moonrise Kingdom*, könnum heim hinsegin fólks með frönsku myndinni 120 slög á mínútu þar sem fulltrúar frá Samtökunum 78 verða viðstaddir sýningu og svara spurningum nemenda. Við sýnum jafnframt *Fucking Åmål* sem var ein af vinsælustu sýningum okkar í upphafi skólasýninga. Listheimurinn verður í brennidepli hjá okkur með mynd um Jackson Pollock, við könnum heim ljóðanna með hinni einstöku mynd *Ljóðahestar* og skapandi skrif með frönsku myndinni *Vinnusmiðjan*.

Við verðum aftur með bíóklassík og sýnum *Miracle Worker* frá 1962 til að kynna hina merkilegu Helen Keller, sem allir verða að sjá. Yngstu börnin fá að sjá glæsilegar teiknimyndir, Kirikou og galdranornin og Brendan og leyndarmál Kells.

Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)



FIMMTUDAGUR 20. SEPTEMBER – KLUKKAN 10:00 – KIRIKOU OG GALDRAKERLINGIN

KLUKKAN 13:00 – MOONRISE KINGDOM

ÞRIÐJUDAGUR 25. SEPTEMBER KLUKKAN 10:00 – LJÓÐAHESTAR

KLUKKAN 13:00 – EDWARD SCISSORHANDS

RIFF

ÞRIÐJUDAGUR 9. OKTÓBER – KLUKKAN 10:00: HILDA FRÆNKA

KLUKKAN 13: VINNUSMIÐJAN

ÞRIÐJUDAGUR 16. OKTÓBER – KLUKKAN 10:00 – FUCKING ÁMÁL

KLUKKAN 13:00 THE MIRACLE WORKER

VETRARFRÍ

FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER KL. 10:00 BRENDAN AND THE SECRET OF KELL

KLUKKAN 13:00 – 120 SLÖG Á MÍNÚTU

ÞRIÐJUDAGUR 30. OKTÓBER KL. 10:00 – ANDIÐ EÐLILEGA

KLUKKAN 13:00 – POLLOCK

FIMMTUDAGUR 8. NÓVEMBER KL. 10:00 120 SLÖG Á MÍNÚTU/POLLOCK

KLUKKAN 13:00 - FUCKING ÁMÁL

ÞRIÐJUDAGUR 13. NÓVEMBER KL. 10:00 -MOONRISE KINGDOM/HVAÐ ER KVIKMYND

KLUKKAN 13:00 -EDWARD SCISSORHANDS

FIMMTUDAGUR 22. NÓVEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG GALDRANORNIN

KLUKKAN 13:00 – VINNUSMIÐJAN/ POLLOCK

ÞRIÐJUDAGUR 27. NÓVEMBER KL. 10:00 - LJÓÐAHESTAR

KLUKKAN 13:00 – THE MIRACLE WORKER/ANDIÐ EÐLILEGA

ÞRIÐJUDAGUR 4. DESEMBER KL. 10:00 – HILDA FRÆNKA

KLUKKAN 13:00 – MOONRISE KINGDOM

FIMMTUDAGUR 6. DESEMBER KL. 10:00 – BRENDAN OG LEYNDARMÁL KELLS

JÓLAFRÍ

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)





## GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2018

HILDA FRÆNKA 2-5. bekkur

LJÓÐAHESTAR 5.-7. bekkur

BRENDAN AND THE SECRET OF KELLS -2.-5. bekkur

KIRIKOU OG GALDRANORNIN 1.-5. bekkur

120 BEATS PER MINUTE 9.-10. bekkur (í samstarfi við Samtökin 78

ANDIÐ EÐLILEGA 8.-10. bekkur (Ísold Uggadóttir verður viðstödd)

SÝNDU MÉR ÁST – FUCKING ÅMÅL 8.-10. bekkur

POLLOCK 7.-10. bekkur

VINNUSTOFAN (L'Atelier) 10. bekkur

THE MIRACLE WORKER (Bíóklassík) 7.-10. bekkur

MOONRISE KINGDOM 6-10. bekkur

EDWARD SCISSORHANDS 7.-10. bekkur

KVIKMYNDASMIÐJA – HVAÐ ER KVIKMYND 6.-10. bekkur

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)





## HILDA FRÆNKA (TANTE HILDA)



**TEGUND OG ÁR:** Teiknimynd, gamanmynd, fjölskyldumynd, 2013

**FRAMLEIÐSLULAND:** Frakkland

**LENGD:** 89 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Benoît Chieux, Jacques-Rémy Girerd

**LEIKARAR:** Sabine Azéma, Josiane Balasko, François Morel

**TUNGUMÁL:** Franska með íslenskum texta

Hilda frænka lifir fyrir plönturnar sínar. Á meðan hún ræktar heilan helling af gróðri inni í ævintýralegrum glerhöll, vinnur alþjóðlegt stórfyrirtæki að því að rækta töfraplöntu sem kallast Attilem.

Stormasöm og stórkemmtileg blanda af spennu, fjölskyldudrama og ástarsögu með hugleiðingum um umhverfið og virðingu fyrir náttúrunni.

## LJÓÐAHESTAR (WINDOW HORSES)



**TEGUND OG ÁR:** Teiknimynd, 2017

**FRAMLEIÐSLULAND:** Kanada

**LENGD:** 85 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Ann Marie Fleming

**LEIKARAR:** Ellen Page, Shoreh Aghdashgloo, Sandra Oh

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

Stórkostleg teiknimynd sem fjallar um ást, fjölskylduna, ljóð, sögu og menningu.

Roise Ming er ungt kanadískt ljóðskáld. Henni er boðið að koma fram á ljóðahátíð í borginni Shiraz, í Íran og sú ferð á eftir að opna augu hennar svo um munar. Roise hefur aldrei ferðast neitt á eigin vegum, þar sem hún á íhaldssama kínverska ömmu og afa sem hún ólst upp hjá. Þegar hún kemur til Íran kynnist hún ýmsu fólki og menningu þess og brátt leitar hugurinn til föðursins sem hún hefur aldrei þekkt...

## BRENDAN OG LEYNDARMÁL KELLS



**TEGUND OG ÁR:** Teiknimynd, 2009

**FRAMLEIÐSLULAND:** Belgía/Frakkland/Írland

**LENGD:** 78 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Tomm Moore, Nora Twomey

**LEIKARAR:** Evan McGregor, Brendan Gleeson, Christen Mooney

**TUNGUMÁL:** Enska með enskum texta

Brendan og leyndarmál Kells segir frá ungum dreng að nafni Brendan sem býr í klaustri, en frændi hans, Cellach ábóti, annast uppeldi hans. Cellah hugsar ekki um annað en að byggja vegg í kringum klaustrið til að verjast árásum víkinga. Brendan fréttir af dularfullri bók sem getur breytt myrkri í ljós og er staðráðinn í að vita meira um hana.

Myndin er eftir sama höfund og gerði Söngur hafsins sem varð fádæma vinsæl á skólasýningum, en myndmálið er svo fallega unnið að þótt talsetningu vanti vakti hún mikla ánægju.



## KIRIKOU OG GALDRAKERLINGIN



**TEGUND OG ÁR:** Ævintýri, teiknimynd, 1998

**FRAMLEIÐSLULAND:** Frakkland

**LENGD:** 74 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Michel Ocelot

**LEIKARAR:** Theo Sebeko, Antoine Kellermann, Fezile Mpela

**TUNGUMÁL:** Íslenskt tal

Kirikou og galdranornin er byggð á afrískri smásögu eftir sama höfund og gerði ævintýrið um Azur og Asmar. Í myndinni segir frá ævintýrum Kirikou, þínulitlum afrískum dreng sem á heima í litlu þorpi í Afríku. Hann er enginn venjulegur drengur því hann getur strax talað og gengið og veit nákvæmlega hvað hann vill. Myndin segir frá baráttu hans við galdranorninu Karöbu sem stjórnar íbúum þorpsins með göldrum.

Myndin gerð í austurafrískum stíl og allur gróður sem er teiknaður í myndinni er gerður eftir raunverulegum plöntum og trjám frá Afríku.



## 120 SLÖG Á MÍNÚTU (120 BEATS PER MINUTE)



**TEGUND OG ÁR:** Drama, 2017

**FRAMLEIÐSLULAND:** Frakkland

**LENGD:** 140 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Robin Campillo

**LEIKARAR:** Nahuel Pérez Biscayart, Arnaud Valois, Adèle Haenel

**TUNGUMÁL:** Franska með íslenskum texta

Hvað þarf til að berjast gegn heimsfaraldri? Með þekkingu, hugrekki og þrautseigju að vopni berst hópur fólks sem aktivistar til að fræða fólk um AIDS. Franski leikstjórinn Robin Campillo teflir hér fram stórkostlegri kvikmynd byggða á Parísarhópnum sem lagði líf og sál í aktivisma snemma á tíunda áratugnum.

Myndin var í keppni á kvikmyndahátíðinni á Cannes 2017 þar sem hún hluta GRAND PRIX aðalverðlaun dómnefndar sem spænski leikstjórinn Pedro Almodóvar stýrði. Kvikmyndin hlaut Queer Palm verðlaunin, FIPRESCI og aðalverðlaun International Cinephile Society Awards. Myndin er tilnefnd til LUX PRIZE verðlaunanna 2017.

**Sýningin er unnin í samstarfi við Samtökin 78 en fulltrúar samtakanna verða viðstaddir sýningu og svara spurningum úr sal.**

## ANDIÐ EÐLILEGA



**TEGUND OG ÁR:** Drama, 2018

**FRAMLEIÐSLULAND:** Ísland

**LENGD:** 95 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Ísold Uggadóttir

**LEIKARAR:** Kristín Þóra Haraldsdóttir, Babetida Sadjo, Patrik Nökkvi Pétursson

**TUNGUMÁL:** Íslenska

Hælisleitandi frá Gíneu-Bissá á leið til Kanada verður strandaglópur í Keflavík þegar starfskona við vegabréfaeftirlit stöðvar hana vegna ófullnægjandi ferðaskilríkja. Um leið og hún berst við kerfið á Íslandi, tengist hún óvænt einstæðri móður í húsnæðisbasli, þeirri sömu og hneppi hana í varðhald á Leifsstöð....

Ísold Uggadóttir var valin besti leikstjórinn á Sundance kvikmyndahátíðinni 2018 sem og að myndin hlaut FIPRESCI gagnrýnendaverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg 2018.

**Ísold verður viðstödd sýninguna og svarar spurningum úr sal.**

## SÝNDU MÉR ÁST – FUCKING ÅMÁL



**TEGUND OG ÁR:** Drama, 1998

**FRAMLEIÐSLULAND:** Svíþjóð

**LENGD:** 89 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Lucas Moodysson

**LEIKARAR:** Alexandra Dahlström, Rebecka Liljeberg, Erica Carlson


**TUNGUMÁL:** Sænska með íslenskum texta

Fucking Åmål er fyrsta mynd sænska leikstjórans Lukas Moodysson í fullri lengd. Hún fjallar um tvær unglingsstúlkur, Agnes (Rebecka Liljeberg) og Elin (Alexandra Dahlström), sem búa í smábænum Åmål í Svíþjóð og kynnast í skólanum. Stúlkurnar tvær eru ólíkar en tengjast vegna þess að báðar eru óánægðar með lífið. Agnes á enga vini og á við þunglyndi að stríða; Elin er vinsæl stúlka en leiðist lífið.

Myndin hlaut Teddy-verðlaunin árið 1999 í Berlín auk fjölda verðlauna og viðurkenninga.



## POLLOCK



**TEGUND OG ÁR:** Ævisaga, drama, 2001

**FRAMLEIÐSLULAND:** Bandaríkin

**LENGD:** 122 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Ed Harris

**LEIKARAR:** Ed Harris, Marcia Gay Harden, Molly Regan

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta.

Myndin fjallar um ævi bandaríska myndlistarmannsins Jackson Pollock (1912-1956) en hann var einn af frægustu listamönnum innan abstrakt expressjónísku hreyfingarinnar. Hann var þekktur fyrir einstakan stíl þar sem hann lét málninguna leka í dropum á strigann. Hann lagði stund á listnám í Los Angeles en flutti til New York þar sem hann giftist listakonunni Lee Krasner sem hafði mikil áhrif á listsköpun hans. Pollock átti við persónuleg vandamál að stríða en er álitinn einn af mikilvægustu listamönnum 20. aldar. Hann gerði yfir 700 verk sem eru sýnd reglulega á listsýningum um allan heim.



## VINNUSMIÐJAN (L'ATELIER)



**TEGUND OG ÁR:** Drama, 2017

**FRAMLEIÐSLULAND:** Frakkland

**LENGD:** 113 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Robin Campillo

**LEIKARAR:** Marina Fois, Matthieu Lucci, Florian Beaujean

**TUNGUMÁL:** Franska með íslenskum texta

Myndin gerist í La Ciotat sumarið 2016 þar sem ungt fólk sem á erfitt með að fóta sig í lífinu fær að taka þátt í vinnusmiðju til að kynnast skapandi skrifum undir leiðsögn þekkt rithöfundar. Þau ákveða að skrifa glæpasögu þar sem fortíð bæjarins sem skipasmíðastöð myndar baksviðið. Ungur maður að nafni Antoine tekur þátt í vinnusmiðjunni, en lendir fljótlega upp á kant við hópinn þar sem frásagnarstíll hans og hugmyndir minna stöðugt á pólitíska ástandið í heiminum í dag.

## THE MIRACLE WORKER



**TEGUND OG ÁR:** Drama, ævisaga, 1962

**FRAMLEIÐSLULAND:** Bandaríkin

**LENGD:** 106 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Arthur Penn

**LEIKARAR:** Anne Bancroft, Patty Duke, Victor Jory

**TUNGUMÁL:** Enska með enskum texta

Helen Keller fæddist árið 1880 í Alabama í Bandaríkjunum. Þegar hún var einungis 19 mánaða gömul veiktist hún hastarlega og varð daufblind í kjölfarið, bæði blind og heyrnarlaus. Með aðstoð uppfiningamannsins Alexanders Graham Bells fékk Helen kennara árið 1887.

Kona að nafni Anne Sullivan tók það verkefni að sér en hún hafði sjálf skerta sjón. Helen varð fræg fyrir bækur sínar og fyrirlestra sem hún hélt með hjálp túlks. Hún barðist meðal annars fyrir réttindum fatlaðra, ekki síst blindra. Kosningaréttur kvenna var Helen einnig hugleikinn, auk þess sem hún var mikill friðarsinni. Hún var meðlimur Sósíalístaflokksins bandaríska. Með baráttu sinni tókst henni að fá fatlaða lausa af hælum og fengu þeir þannig réttláta meðferð eins og aðrir borgarar.

## MOONRISE KINGDOM



**TEGUND OG ÁR:** Ævintýri, drama, grínmynd, 2012

**FRAMLEIÐSLULAND:** Bandaríkin

**LENGD:** 94 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Wes Anderson

**LEIKARAR:** Jared Gilman, Kara Hayward, Bruce Willis

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

Myndin gerist á lítilli eyju árið 1965 þar sem örfáar hræður búa og fjallar um tólf ára gamlan strák og stelpu sem verða ástfangin. Þau gera með sér leynilegt samkomulag um að flýja saman út í óbyggðirnar. Á meðan hin ýmsu yfirvöld og stofnanir leita þeirra sækir skuggalegur stormur í sig veðrið og brátt er hið sallarólega samfélag eyjunnar komið á annan endann.

Myndir Wes Anderson eru mjög sérstakar, einkennast af löngum skotum, sterkum litum, íburðarmiklum búningum og sviðsmyndum, auk þess sem hann blandar saman leiknum atriðum og tölvuhönnun.



## EDWARD KLIPPIKRUMLA (EDWARD SCISSORHANDS)



**TEGUND OG ÁR:** Fantasía, gamanmynd, 1990

**FRAMLEIÐSLULAND:** Bandaríkin

**LENGD:** 105 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Tim Burton

**LEIKARAR:** Johnny Depp, Winona Ryder, Dianne Wiest

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

Edwards Scissorhands fjallar um sérlega blíðlyndan dreng að nafni Edward (Johnny Depp), sem er jafnframt ófullkomið sköpunarverk uppfinningamanns (Vincent Price), en hann lést áður en hann lauk við hendur Edwards svo hann er með skæri í stað handa. Hann býr einn og yfirgefinn í kastala þar til indæl kona að nafni Peg tekur hann að sér. Í ljós kemur að Edward býr yfir miklum hæfileikum, en ekki kunna allir að meta þennan sérkennilega dreng sem er með skæri í stað handa.

Leikstjóri myndarinnar, Tim Burton, var félagsfælinn sem unglíngur og einangraði sig, en teiknaði myndir af Edward með klippihendur til tjá einmanaleik sinn. Síðar ákvað hann að gera kvikmynd byggða á þessari reynslu. Hlutverk uppfinningamannsins var skrifað fyrir Vincent Price sem var þekktastur fyrir leik sinn sem Drakúla.



## KVIKMYNDASMIÐJA – HVAÐ ER KVIKMYND?



Saga kvikmyndanna í máli og myndum. Hver var fyrsta kvikmyndin? Grunnþættir kvikmyndalistarinnar útskýrðir, hvað er klipping, hvað er sviðsmynd, hvernig þróaðist kvikmyndataka? Hvað sjáum við í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar og hvaða áhrif hafa þær haft á myndir nútímans? Og síðast en ekki síst: Hvernig lesum við kvikmynd?

Farið verður yfir frægustu myndir kvikmyndasögunnar og þær settar í nútímalegt samhengi, allt frá Ferðinni til tunglsins eftir Georges Méliès til Grand Budapest Hotel eftir Wes Anderson. Allt efni er sýnt á glærum og í klipptum myndböndum. Sýnd verða brot úr mörgum af frægustu myndum kvikmyndasögunnar.


**Oddný Sen tók saman**

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)



## KVIKMYNDIR



**MOONRISE KINGDOM** – Myndir Wes Anderson, fjölskyldutengsl, ástir ungmenna, útilvist 6.-10.bekkur

**BRENDAN OG LEYNDARMÁL KELLS** – Ævintýri, lífsleikni, írskar munnmælasögur, 2.-5. bekkur

**SÝNDU MÉR ÁST – FUCKING ÁMÁL** – Að finna sjálfan sig, ástir ungra stúlkna, smábæjarlíf, 8.-10.bekkur

**120 SLÖG Á MÍNÚTU** – Alnæmisfaraldurinn, að koma út úr skápnum, þrýstihópar, markmiðasetning, Samtökin 78, 9-10.bekkur

**KIRIKOU OG GALDRANORNIN** – Ævintýri, framandlegar slóðir, frelsi, að vera hetja, Afríka, 1.-5. bekkur

**HILDA FRÆNKA** – Teiknimynd, garðrækt, umhverfisvernd, samband systra, ástarsaga, 2.-5. bekkur

**THE MIRACLE WORKER** – Helen Keller, blinda og heyrmarleysi, kennsla, kvenréttindi, réttindi fatlaðra, bíóklassík 7.-10.bekkur

**ANDIÐ EÐLILEGA**– Félagsleg vandamál, fjölskyldutengsl, flóttafólk, markmiðasetning, íslenskar kvikmyndir 8- 10. bekkur

**LJÓÐAHESTAR** –Teiknimynd, ljóð, ljóðahátíð, Íran, Kína, Kanada, leitin að uppruninum, listsköpun, 5.-7. bekkur

**POLLOCK** - Ævisaga, að vera listamaður, listsköpun Pollocks, listsköpun Lee Krasnik, New York á fimmta áratugnum, 7.-10. bekkur

**VINNUSTOFAN** – Skapandi skrif, utangarðs unglingar, heimspólítíkin, að finna sjálfan sig, 10.bekkur

**EDWARD KLIPPIKRUMLA**– Kvikmyndagerð Tim Burton, einelti, listsköpun, ævintýri, 7.-10. bekkur

**HVAÐ ER KVIKMYND?** Tími í kvikmyndafræði og kvikmyndasögu, hvernig lesum við kvikmyndir, 6.-10. bekkur

**SKRÁNINGAR:** [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)